

Reykjavík, 17. október 2011.

Rektor Háskóla Íslands
Fr. Kristín Ingólfssdóttir
Aðalbyggingu v/Suðurgötu.

Umsögn Lagadeildar vegna svars Háskóla Íslands við bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis í tilefni af skýrslu nefndar um úttekt á kennslu og námi við deildina frá júlí 2010

1. Almennar athugasemdir

Á grundvelli laga um háskóla nr. 63/2006 léti mennta- og menningarmálaráðuneytið gera úttekt á kennslu í lögfræði í íslenskum háskólum. Í tilefni af úttektinni skipaði rektor Háskóla Íslands sjálfsmatshóp Lagadeildar. Í honum sátu Björg Thorarensen prófessor og þáverandi forseti Lagadeildar, Eiríkur Tómasson prófessor og þáverandi varadeildarforseti, María Thejll forstöðumaður lagastofnunar, Alma Möller deildarstjóri á skrifstofu Lagadeildar, Pétur Leifsson dósent og formaður rannsóknna- og meistara-námsnefndar, Hrefna Friðriksdóttir lektor, Trausti Fannar Valsson lektor og Þorkell Andrésson laganemi, tilnefndur af Orator félagi laganema við deildina. Sjálfsmats-hópurinn naut aðstoðar gæðastjóra Háskóla Íslands og starfsmanna vísindasviðs, nemendaskrár og fleiri svíða miðlægrar stjórnsýslu við öflun tölfræðiupplýsinga o.fl. Sjálfsmatshópurinn tók saman sjálfsmatsskýrslu deildarinnar dagsetta 20. janúar 2010. Ráðuneytið skipaði úttektarnefnd í ágúst s.á. Vettvangsheimsóknir í lagadeildirnar fóru fram dagana 6.-9. september 2010. Nefndin skilaði álti sínu til ráðuneytisins þann 25. júlí 2011.

Skýrsla úttektarnefndarinnar (*Evaluation of Teaching and Study of Law in Icelandic Higher Education Institutions*) barst forseta Lagadeildar með tölvubréfi Magnúsar Diðriks Baldurssonar gæðastjóra háskólans 19. september sl. Í bréfinu er jafnframt vísað til bréfs mennta- og menningarmálaráðuneytisins til rektors Háskóla Íslands 16. s.m. þar sem ráðuneytið óskar eftir því að háskólinn geri grein fyrir afstöðu sinni til ábendinga nefndarinnar og hvernig og hvenær hann hyggst bregðast við ábendingum sem fram koma í skýrslunni. Í tölvubréfi Magnúsar Diðriks til deildarforseta er þess óskað að Lagadeild undirbúi svar háskólans og sendi honum eigi síðar en 17. október 2011.

Lagadeild hefur yfirfarið skýrslu nefndar um úttekt á kennslu og námi við Lagadeild Háskóla Íslands frá júlí sl. og koma svör deildarinnar fram í bréfi þessu. Lagadeild fagnar þeirri úttekt sem fram hefur farið á störfum deildarinnar með þeirri skýrslu sem nú liggur fyrir. Deildin mun í störfum sínum huga að því með hvaða hætti mögulegt sé að gera breytingar á kennslu, námi og rannsóknum í samræmi við ábendingar úttektarnefndarinnar. Eins og rakið verður nánar hér síðar hefur deildin þegar hafið vinnu við heildarendurskoðun BA- og MA-náms við Lagadeild. Þeirri vinnu lýkur á árinu 2012. Einnig mun deildin innan skamms vinna nýja stefnu deildarinnar, sem m.a. verður reist á nýrrri stefnu Háskólans og Félagsvísindasviðs til næstu fimm ára. Ábendingar sem fram koma í skýrslu úttektarnefndarinnar verða markvisst teknar til skoðunar í tengslum við þá vinnu.

Áður en vikið verður að einstökum ábendingum og tillögum nefndarinnar telur deildin rétt að setja fram eftirfarandi athugasemdir sem hún telur að horfa verði almennt til hvað varðar viðbrögð deildarinnar.

Í fyrsta lagi bendir Lagadeild á að ábendingarnar beinast margar hverjar að atriðum sem snerta verulega fjármögnun deildarinnar nú og til framtíðar. Deildin hefur takmarkaða möguleika til þess að hafa áhrif á almennar fjárveitingar til hennar og verður því að aðlaga starfsemina hverju sinni að því fjármagni sem henni er fengið. Hér er t.d. átt við mikilvægar ábendingar um þörf á að fjölgum föstum kennurum svo og að hlutfall þeirra í samanburði við fjölda nemenda verði eðlilegra og að gerðar verði ráðstafanir til að breyta reglum um inntöku nemenda til að minnka brottfall. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika að fjöldi nemenda ræður að verulegu leyti úrslitum um þær fjárveitingar sem deildin fær hverju sinni þar sem fjárfamlög til kennslu taka mið af fjölda þreyttra eininga.

Í öðru lagi tekur Lagadeild fram að ábendingar úttektarnefndarinnar eru að jafnaði settar fram í samræmi við alþjóðlegar venjur um skipulag og verklag á háskólastigi (international practices). Lagadeild gerir eðli mál samskvæmt engar athugasemdir við þær venjur. Þó skal bent á að í ákveðnum tilvikum skortir á að íslenskar aðstæður séu teknar nægilega með í reikninginn, t.d. hvað varðar framboð á hæfum og áhugasömum íslenskum lögfræðingum til að sinna akademískum störfum, einkum þegar fyrir liggur að fjórar lagadeildir bjóða upp á laganám.

2. Markmið og stefna Lagadeildar (Role and Objectives).

Það er niðurstaða úttektarnefndarinnar að markmið og stefna Lagadeildar Háskóla Íslands, sem hún setti sér á árinu 2006 og átti að gilda til 2011, sé eðlileg og í samræmi við alþjóðlegar venjur.¹ Um þennan þátt setur nefndin fram tvenns konar ábendingar. *Í fyrsta lagi* að deildin þurfi að sýna meira frumkvæði og áræðni í að bregðast við breytingum á innlendum og erlendum aðstæðum.² *Í öðru lagi* að stefna deildarinnar eigi að innihalda tilvísanir til innlends og erlends samstarfs. Þá verði með skýrari hætti tekið fram hvernig deildin sjái laganám við deildina þróast til framtíðar hér á landi, innan EES-svæðisins og á alþjóðlega vísu.³

Lagadeild tekur af þessu tilefni fram að fyrirhuguð er endurskoðun fyrirliggjandi stefnu deildarinnar og þá á grundvelli nýrrar stefnu Háskóla Íslands 2011-2106 og stefnu Félagsvísindasviðs fyrir sama tímabil sem nú er verið að ljúka á vettvangi sviðsstjórnar. Lagadeild mun huga að framangreindum ábendingum úttektarnefndarinnar við þá vinnu.

Í þessu sambandi telur Lagadeild rétt að benda jafnframti á nokkur grundvallaratriði sem deildin mun jafnframti hafa að leiðarljósi við gerð stefnu til næstu fimm ára:

Í fyrsta lagi hefur Lagadeild í hyggju að viðhalda þeirri grunn hugmyndafræði um skiptingu BA-náms og MA-námi, sem nú er við lýði og tekið var upp á árinu 2003 þegar embættisprófið var aflagt. Það fyrirkomulag hefur gefist vel, en deildin vinnur nú að því að endurskoða uppybyggingu og inntak beggja námsgráða í ljósi reynslunnar. Í því sambandi hyggst Lagadeild auka á sambættingu kennslu og rannsóknar, einkum í MA-námi og huga að því að auka fjölda fastra kennara með nýráðningum ef fjárveitingar leyfa.

¹ The ambition and standards that the Law Faculty has set itself are appropriate and in line with international standards.

² The Faculty needs to be more proactive and imaginative in responding to the changed domestic and international environments.

³ The Faculty's mission statement should include reference to internal and external cooperation. The Faculty should express more explicitly how it sees itself and its future development in legal education in Iceland, the EEA and internationally.

Í öðru lagi vinnur Lagadeild nú að því að auka verulega sókn starfsmanna deildarinnar í samkeppnissjóði, bæði innlenda og erlenda, með því að leggja drög að heilstæðri rannsóknaráætlun til næstu fimm ára, sbr. nánar kafli 4.1 hér síðar.

Í þriðja lagi hyggst Lagadeild vinna að því að efla innlent og erlent samstarf á sviði laganáms, sjá nánar kafla 3.5 og 7.

3. Kennsla (Structure of Teaching).

3.1 Almenn atriði

Umfjöllun úttektarnefndar um uppbyggingu og inntak náms við Lagadeild Háskóla Íslands er um margt jákvæð. Það er t.d. afstaða nefndarinnar að fjöldi námskeiða í MA-námi sé til fyrirmynnar og í samræmi við alþjóðlegar venjur. Sérstaklega eru námskeiðin á sviði auðlindaréttar, alþjóðlegs umhverfisréttar og skattaréttar talin Lagadeild til tekna. Vakin er athygli á því að Lagadeild hafi reglulega verið sú deild þar sem akademískir starfsmenn hafi verið meðal þeirra með flest rannsóknarstig innan háskólans og að flest kennslurit á sviði lögfræði séu samin af kennurum deildarinnar.

3.2 Ábendingar úttektarnefndar

Nokkrar ábendingar úttektarnefndarinnar lúta almennt að kennslu við Lagadeild. Þær sem lúta bæði að BA og MA námi eru eftirtaldar:

Í fyrsta lagi að áriðandi sé að Lagadeild geri áætlanir til næstu fimm ára um hvernig hún hyggst ná betra jafnvægi í hlutfalli fastra kennara og stundakennara sem samrýmist alþjóðlegum mælikvörðum.⁴

Í öðru lagi að brýnt sé að hlutfall akademískra starfsmanna og nemenda verði lægra í samræmi við alþjóðlegar venjur.⁵

Í þriðja lagi að þróa námsmat frekar og tölvunotkun við próftöku.⁶

Í fjórða lagi að finna leiðir til að innleiða ytra eftirlit með námsmati nemenda.⁷

Í fimmta lagi að innleiða námskeið sem kunni að leiða til formlegra kennsluréttinda sem verði skyldubundið fyrir alla nýja kennara.⁸

Í sjötta lagi að bjóða reglulega upp á námskeið um kennsluaðferðir, - tækni og hugmyndafræði kennslu fyrir starfsmenn sem verði skyldubundið fyrir alla starfsmenn og stundakennara.⁹

Í skýrslu úttektarnefndarinnar koma til viðbótar fram við ábendingar sem beinlínis lúta að BA námi við Lagadeild Háskóla Íslands:

Í fyrsta lagi að stefnt verði að því að bjóða upp á valnámskeið í BA-námi, t.d. á sviði mannréttinda, umhverfisréttar, félagsmálaréttar og heildstætt námskeið á sviði þjóðaréttar.¹⁰

Í öðru lagi að finna leiðir til að koma í veg fyrir óvenju hátt brottfall á fyrsta ári og endurskoða í því sambandi kennslu og námsmat í almennri lögfræði og ágripi af réttarsögu.¹¹

⁴ Urgent to draw up a plan to balance the number between full-time and part-time teachers into line with international standards. Convert substantial numbers of part-time positions into full-time positions. Five year plan.

⁵ Urgent to push the staff-student ratio back into line with international standards.

⁶ Further develop coursework assessment methods and use of computers in exams.

⁷ Find ways to introduce regular external oversight to the annual student assessment in each programme

⁸ Introduce a programme leading to a formal qualification in transferable third-level teaching methods and skills. Make this programme compulsory for all new tenured appointees.

⁹ Offer a regular programme of education on teaching methods, technologies and philosophy for staff. Should be compulsory for all permanent staff and part-time lecturers.

¹⁰ Implement elective choices in the BA degree, such as Human Rights, Environmental Law, Welfare Law and a full course in Int.Law.

Í þriðja lagi að hugleiða að taka upp stutt undirbúningsnámskeið áður en nýnemar hefja nám.¹²

Í fjórða lagi að færa öll fyrsta árs námskeið, sem kennd eru utan háskólasvæðisins, aftur í háskólabyggingar við Suðurgötu.¹³

3.3 Um BA-nám

Samkvæmt breytingum á reglum um BA-nám í lögfræði við Lagadeild Háskóla Íslands, sem samþykktar voru 23. febrúar 2010, kýs deildarfundur þrjá úr hópi fastráðinna kennara í nefnd um BA-nám og einn varamann. Fulltrúar nemenda á deildarfundi tilnefna jafnframt einn úr sínum hópi til setu í nefndinni. Hlutverk BA-nefndarinnar er að hafa umsjón með BA-námi við deildina, skipulagi námsleiðarinnar, tilhögun námsmats og þróun og gæðum námsins. Nefndin hefur starfað náið með forseta Lagadeildaðar að endurskoðun BA-námsins. Meðal annars hefur verið hugað að eftirtöldum þáttum: reglum vegna inntöku í BA-námið, hárri fallprósentu á fyrsta námsári, vinnuálagi á nemendur, kennsluháttum, námsmati, aðkomu og hlutverki stundakennara, eftirliti með stundakennurum og hlutfalli fastráðinna kennara á móti fjölda nemenda.

Fyrirhugað er að endurskoðun BA-námsins verði lokið af hálfu Lagadeildaðar á árinu 2012. Við þessa endurskoðun verður sérstaklega hugað að þeim ábendingum sem fram koma í skýrslu úttektarnefndarinnar. Ítrekað er að flestar af helstu ábendingum nefndarinnar að þessu leyti snúa að breytingum sem ekki verður ráðist í nema með auknum fjárveitingum. Lagadeildin tekur heils hugar undir það að áríðandi sé að Lagadeild nái mun betra jafnvægi í hlutfalli fastra kennara og stundakennara og að hlutfall akademískra starfsmanna og nemenda verði lægra í samræmi við alþjóðlegar venjur. Áætlanir í þessum efnum voru í stefnu deildarfundarinnar fyrir árin 2006-2011 en hafa ekki náð fram að ganga vegna fjárvorts. Sama gildir um að bjóða upp á fjölbreyttara námsmat í BA-námi og einnig hvað varðar ytra eftirlit með því. Allt eru þetta atriði sem Lagadeild teldi rétt að ráðast í við fyrsta tækifæri en til þess þyrfti hún frekari fjárveitingar. Um inntöku nemenda á fyrsta ári verður fjallað sérstaklega í kafla 6 hér síðar og um reglubundin námskeið fyrir kennara í kafla 5.

3.4 Um MA-nám

Í skýrslu úttektarnefndarinnar voru engar sérstakar ábendingar sem eingöngu lúta að MA námi við Lagadeild. Lagadeildin samþykkti á deildarfundi 29. mars 2011 að hefja endurskoðun meistaránámsins. Nú er unnið að greiningu á umfangi námsins og vinnuálags m.t.t. þeirra eininga í námi sem lokapróf hvers námskeiðs gefur. Tilgangurinn er margþættur en hann lýtur m.a. að innri gæðaendurskoðun og reglulegri umræðu sem fram fer innan Lagadeildaðar á gæðum námsins, skoðun á heildarfyrirkomulagi náms, námsmati, kennsluháttum og fjölda fastra kennara og stundakennara. Umræður um endurskoðun meistaránámsins tengjast einnig heildrænni skoðun á lágmarksinntaki laganáms, sem m.a. tengist mjög því álítaefni hvort BA-nám í lögum við aðrar lagadeildir hér á landi eigi að veita nemendum rétt til inngöngu í meistaránám við Lagadeild Háskóla Íslands, sjá nánar kafla 7.

Fyrirhugað er að endurskoðun MA-námsins verði lokið af hálfu Lagadeildaðar á árinu 2012. Við þá endurskoðun verður sérstaklega hugað að því að efla enn frekar áherslu á

¹¹ Consider ways to lower exceptionally high dropout rate in first year. Reconsider teaching and assessment in Almennan

¹² Consider an entrance exam following a short intensive summer course preceding admission.

¹³ A priority matter to move all first year classes, taught off campus. Integrate these students more fully into the Law School community.

umhverfis- og auðlindarétt með alþjóðlega skírskotun. Þá verður farið vel yfir möguleika til að auka enn frekar þverfaglegt námskeiðahald í meistaranaði.

3.5 Um PhD-nám

Í skýrslu úttektarnefndarinnar kemur fram ábending um framþróun PhD-náms við Lagadeild. Lagt er til að útbúin verði sérniðin námskeið fyrir doktorsnema.¹⁴

Frá og með hausti 2011 (og árlega eftir það) gefst doktorsnemum Lagadeildar kostur á að sækja sérstaka tveggja missera málstofu (4 ECTS með 80% mætingarskyldu) sem deildir Félagsvísindasviðs hafa sameinast um. Hlutverk málstofunnar er að fara yfir ýmis almenn atriði sem varða rannsóknir í félagsvísindum, heimildaöflun, aðferðafræði og kynning doktorsverkefna. Vegna fjölda doktorsnema deildarinnar er e.t.v. ekki tímabært að leggja út í kostnað til að búa til sérstök námskeið um einstök svið en doktorsnemendur deildarinnar sækja nú ákveðin grunnnaðskeið í Danmörku og eiga þess einnig kost að sækja alþjóðleg námskeið sem haldin eru á vegum netverka sem kennrar deildarinnar eru þáttakendur í, þ.m.t. á sviði umhverfisréttar, mannréttinda og refsiréttar. Hluti af stefnu deildarinnar ætti að vera að styðja kennara til þess að sækja um stóra styrki úr samkeppnissjóðum svo að mögulegt verði að ráða doktorsnema á launum til þess að rannsaka ákveðin verkefni í samræmi við rannsóknastefnu deildarinnar, sjá nánar kafla 4.1.

Loks skal getið að forsetar Lagadeilda HÍ og Lagadeildar Háskólans í Kaupmannahöfn hafa að undanförnu átt í viðræðum um möguleika á því að setja á laggirnar sameiginlegt doktorsnám (joint degree) deildanna. Fyrirhugað er að ljúka þeim viðræðum fyrir árslok og taka þá ákvörðun um hvort ráðist verður í verkefnið.

4. Rannsóknir (Structure of Research – Administration and Organisation).

4.1 Sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði

Í skýrslu úttektarnefndarinnar eru gerðar athugasemdir við hversu lítið Lagadeild aflar fjár til rannsókna með því að sækja um styrki í innlenda og erlenda samkeppnis-sjóði.¹⁵ Þá leggur nefndin til að komið verði á laggirnar einingu, annari en rannsóknarnámsnefnd, til að vakta innlenda og erlenda styrkjamöguleika, auka þekkingu og aðstoða við gerð umsókna, og annast verkefnisstjórn ef þörf krefur.¹⁶

Eins og rakið er í kafla 2 hér að framan er það eitt af meginverkefnum Lagadeildar til næstu fimm ára að auka verulega styrkjasókn starfsmanna deildarinnar. Þá skal getið að Lagastofnun og Lagadeild hafa undanfarin ár aflað í nokkrum mæli innlendra styrkja til rannsókna frá stofnunum og fyrirtækjum. Þannig hefur verið mögulegt að ráða til starfa starfsmenn sem eingöngu hafa stundað rannsóknir, einkum á sviði umhverfis- og auðlindaréttar. Eins hafa stofnanir og fyrirtæki veitt styrki til útgáfu bóka þar sem birtar hafa verið niðurstöður rannsókna um afmörkuð efni sem eru afrakstur samvinnuverkefna kennara Lagadeildar og kennara Lagadeilda annarra háskóla.

Lagastofnun samþykkti rannsóknaáætlun til næstu 3ja ára sl. vor með tvíþættum höfuðmarkmiðum: að skapa þekkingu með rannsóknum – á þjóðlegum og fjölpjóðlegum grunni. Þar er áhersla lögð á sókn í rannsóknasjóði. Innri markmið eru þau í fyrsta lagi að stuðla að eflingu styrkja til verkefna/fræðimanna með þátttöku í sam-

¹⁴ Development of the PhD programme – tailored courses for Phd students, harnessing the potential of research institutes and other Iceland Law Schools.

¹⁵ The profile in attracting research funding is disappointing. There is little persuasive evidence that the Law Faculty has a clear strategy and infrastructure to improve this situation.

¹⁶ Establish a unit (other than the research committee) to identify domestic and external sources of research funding; develope skills to submit applications successfully; support individuals/groups in submitting applications and managing funds awarded and oversee performance and quality in completion of research projects.

keppnissjóðum, innlendum sem erlendum. Í öðru lagi að stuðla að og taka þátt í þverfaglegum rannsóknum innan Háskóla Íslands eða í samvinnu við aðra íslenska háskóla. Í þriðja lagi að styrkja kennara við Lagadeild og aðra fræðimenn til að sækja um og gerast þátttakendur í fjölbjóðlegum/evrópskum rannsóknarverkefnum í samvinnu við aðra þjónustuaðila innan Háskóla Íslands. *Ytri markmið* eru þau að stofna til og efla rannsóknarsamvinnu við aðrar sambærilegar rannsóknastofnanir erlendis og varðandi samvinnuverkefni í lögfræði. Ennfremur að laða erlenda fræðimenn til lögfræðirannsókna á Íslandi með þáttöku í fjölbjóðlegum/evrópskum rannsóknaverkefnum.

Lagastofnun er nú að hefja vinnu við framkvæmdaáætlun til að hrinda markmiðum rannsóknastefnunnar í framkvæmd. Stefna og framkvæmd Lagastofnunar á sviði rannsókna verður alltaf samofin stefnu Lagadeilda enda stefnt að sameiginlegu markmiði. Framkvæmdaáætlun verður þ.a.l. unnin samhliða rannsóknarstefnu Lagadeilda til næstu 5 ára, sem áætlað er að hefja vinnu við þegar stefna Félagsvísindasviðs hefur verið samþykkt í nóvember nk.

Lagastofnun mun í veturn skoða styrkjamál í samvinnu við Félagsvísindastofnun sem veitir starfsmönnum Félagsvísindasviðs ráðgjöf og aðstoð um styrkjamöguleika og vöktun þeirra á grundvelli samnings þess efnis. Þar verður m.a. lögð áhersla á að skrá alla fasta kennara Lagadeilda sem matsmenn umsókna hjá Evrópusambandinu en komið hefur fram á námskeiðum og fundum að þeir sem yfirfara slíkar umsóknir öðlast mikla þekkingu sem reynist vel þegar sótt er um styrki.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Lagadeild að þegar sé unnið markvisst að því að koma til móts við framangreindar ábendingar úttektarnefndarinnar.

4.2 Störf bókasafnsnefndar

Tekið er undir þá ábendingu úttektarnefndarinnar að bókasafnsnefnd þurfi að móta sér ákveðna stefnu.¹⁷ Þrátt fyrir að ekki sé skrifleg stefna hafa bökakaup undanfarin ár beinst að réttarsviðum sem Lagadeild og Lagastofnun hafa lagt áherslu á í rannsóknum og LL.M. náminu svo sem umhverfis- og auðlindarétti. Markvisst hefur verið bætt við rit í Evrópurétti, mannréttindindum, þjóðarétti, félagarétti og fjölskyldurétti.

Fara þarf yfir rök með og á móti því að starfrækja sérstakt bókasafn í Lögbergi. Skoða þarf hvort það geti verið fýsilegt að taka upp samstarf við bókasöfn annarra Lagadeilda með það fyrir augum að auka aðgang að rafrænum gagnagrunnum og bökakosti almennt.

Rétt er að taka fram að athugasemdir úttektarnefndarinnar sneru ekki að bökakosti safnsins sem slíkum eða aðstöðu, enda er bókasafnið stærsta lagabókasafn landsins. Lagadeild ver 9 milljónum árlega af fjárveitingum sínum til bókasafnsins sem er hæsta framlag einstakrar deildar innan háskólans sem varið er til bökakaupa og rafrænna áskrifta.

5. Starfsmannamál

Áður eru raktar ábendingar úttektarnefndarinnar um að áríðandi sé að Lagadeild geri áætlunar til næstu fimm ára um hvernig hún hyggst ná betra jafnvægi í hlutfalli fastra kennara og stundakennara sem samrýmist alþjóðlegum mælikvörðum. Þá sé brýnt að hlutfall akademískra starfsmanna og nemenda verði lægra í samræmi við alþjóðlegar venjur. Þá eigi að innleiða námskeið sem kunni að leiða til formlegra kennsluréttinda sem verði skyldubundið fyrir alla nýja kennara. Loks skuli bjóða reglulega upp á námskeið um kennsluaðferðir, - tækni og hugmyndafræði kennslu fyrir starfsmenn sem verði skyldubundið fyrir alla starfsmenn og stundakennara.

¹⁷ Expand the remit of the Library Committee. Develop and implement a policy on the role of the library.

Lagadeild er efnislega sammála þessum ábendingum úttektarnefndarinnar. Ítrekað er að það hefur verið forgangsmál hjá deildinni undanfarin ár, og verður til næstu fimm ára, að lækka hlutfall nemenda á hvern fastráðinn kennara eins og kostur er með nýráðningum. Hvort þessar fyrirætlanir verði að veruleika er hins vegar í öllum meginatriðum háð þeim fjárveitingum sem deildin fær. Stefnt er nú að því að auglýsa tvær nýjar stöður fastra kennara í upphafi árs 2012 og eina hlutastöðu þegar líður á árið fáist til þess samþykki forseta Félagsvísindasviðs. Þá hyggst deildin skoða þá möguleika að auglýsa störf á EES-svæðinu til að styrkja kennslu í LLM-námi á ensku. Í þessu sambandi tekur deildin fram að ráðningar akademískra starfsmanna á sviði lögfræði hér á landi eru eðli máls samkvæmt einnig háðar því að til starfa fáist hæfir og vel menntaðir einstaklingar sem hafa áhuga á því að sinna þessum störfum. Á því kunna að vera takmarkanir vegna smæðar íslensks samfélags auk þess sem launakjör háskólakennara eru eins og sakir standa ekki nægilega samkeppnishæf við kjör á einkamarkaði.

Í stefnu Lagadeilda fyrir tímabilið 2006-2011 var á því byggt að sett yrði á laggirnar námskeið fyrir nýja kennara um kennslutækni o.fl. Í Háskóla Íslands eru sem stendur námskeið af þessu tagi í boði á vegum Kennslumiðstöðvar. Lagadeild hyggst taka það til skoðunar að gera sókn í námskeið af þessu tagi skyldubundin fyrir nýja kennara auk þess að taka það til umræðu hvort og þá að hvaða marki eigi að gera föstum kennurum að sækja reglulega námskeið til endurmenntunar á sviði kennslu.

Úttektarnefndin leggur til að viðhaft verði kerfisbundið eftirlit með hæfni stunda-kennara.¹⁸ Lagadeild tekur undir þessa ábendingu og hyggst hrinda henni í framkvæmd fyrir árslok með nauðsynlegum breytingum á reglum deildarinnar og þá með því að setja lágmarksþiðnið um hæfni stundakennara.

6. Inntaka nemenda og þjónusta við nemendur

6.1 Fjöldi nýnema og brottfall á fyrsta ári

Úttektarnefndin gerir verulegar athugasemdir við hátt brottfall nemenda á fyrsta ári við Lagadeild Háskóla Íslands. Leggur nefndin til að skoðaðar verði leiðir til að draga úr því, m.a. með því að taka upp inntökupróf í framhaldi af stuttu námskeiði að sumri til.¹⁹

Fjöldi nemenda sem hefja nám við Lagadeild HÍ hefur aukist verulega á undanfönum fimm árum og fór hæst haustið 2009 þegar 359 nemendur hófu þar nám á fyrsta ári. Þetta hefur leitt til ýmissa vandkvæða sem tengjast skipulagi og gæðum kennslu. Skipulag allt og umsjón með svo fjölmennum námskeiðum verður þyngra í vöfum. Erfiðara er að halda uppi gæðum í kennslu í svo stórum hópi nemenda enda er síður hægt að beita gagnvirkum kennsluháttum í 400 manna kennslusal. Auk þess þurfti að færa kennslu á fyrsta ári út fyrir háskólasvæðið til að finna nægilega stóra kennslusali en við það gerir úttektarnefndin athugasemdir. Þá hefur hlutfall þeirra sem falla í námskeiðum námi á fyrsta ári verið mjög hátt og hækkar eftir því sem hópar nýnema eru stærri.

Lagadeild tekur því undir áhyggjur úttektarnefndar af því að svo stór hópur nemenda hefji nám við deildina og eyði tíma sínum í margra mánaða nám án þess að eiga í raun möguleika á að komast áfram. Vill deildin því leita leiða til að stýra inntöku nemenda í deildina og þar með minnka brottfall á fyrsta ári. Eitt byrjunarskref í þessum efnunum var tekið haustið 2010 en þá tók deildin fyrir allar undanþágur frá því skilyrði að menn gætu hafið nám þar án stúdentsprófs, eins og heimilt er samkvæmt reglum háskólans. Könnun á árangri þeirra sem hófu nám á slíkri undanþágu (allt að 10%

¹⁸ Introduce greater transparency and quality checks into the appointment of part-time lecturers.

¹⁹ Consider ways to lower exceptionally high dropout rate in first year. Consider an entrance exam following a short intensive summer course preceding admission.

nýnema árlega) leiddi í ljós að hann var mjög slakur og yfirgnæfandi meirihluti þeirra fíll eða hætti námi á fyrsta ári.

Lagadeild hefur á undanförnum árum rætt ýmsar fleiri leiðir til að bregðast við þessu. Þar hafa sérstaklega verið ræddar eftirfarandi tillögur:

1. Inntökupróf gegn gjaldi

Þessi leið gengur út á það að halda inntökupróf gegn gjaldi í júní með svipuðum hætti og læknadeild gerir. Reglur um inntökupróf og heimild til gjaldtöku þarf að fá samþykktar í háskólaráði.

2. Strangari inntökuskilyrði

Lagadeild getur ákveðið að setja strangari inntökuskilyrði fyrir því að maður geti hafið nám við deildina, s.s. ákveðna lágmarkseinkunn á stúdentsprófi. Gallar við þetta er að stúdentsprófið er ekki samræmdur mælikvarði á getu nemenda. Kröfur framhaldsskóla, námsefni og einkunnaskalar eru mismunandi. Þetta skipulag yrði því ef til vill of ósveigjanlegt og útilokaði hugsanlega góða námsmenn frá því að hefja nám við deildina.

3. Forkrafa um að standast próf í inngangsnámskeiði til að taka próf í almennri lögfræði

Ein leið til að stýra inntöku í deildina er að halda inngangsnámskeið í lögfræði áður en eiginleg kennsla hefst á 1. ári á haustmisseri, t.d. í ágústmánuði og setja skilyrði um að standast þurfi próf í því áður en nemandi getur tekið próf í námskeiðinu *Almenn lögfræði og ágrip af réttarsögu* sem kennt er á haustönn fyrsta árs í laganámi. Þeir sem ekki standast prófið hafa því ekki ástæðu til að halda áfram námi á 1. ári en eiga möguleika á að hefja nám í annarri deild Háskólans, eða mögulega reyna aftur við laganámið að ári.

4. Hækkun lágmarkseinkunnar í almennri lögfræði

Eitt úrræði sem mætti huga að er að hækka aftur lágmarkseinkunn sem þarf til að standast próf í almennri lögfræði úr 6,0 í 7,0 en árið 2003 varð sú breyting gerð að lágmarkseinkunnin var lækkuð úr 7,0 í 6,0. Þetta myndi þó tæplega draga úr fjölda þeirra sem hefur nám. Þvert á móti myndi þessi aðgerð leiða til enn frekari hækkunar á fallprósentu í námskeiðinu.

Lagadeild hefur mikinn vilja til að skoða nánar þá kosti sem að framan eru raktir, einkum liði 1 og 3. Hins vegar er ljóst að alger forsenda þess að lagt verði í slíkar breyttingar er að deildinni verði tryggðar fjárveitingar til að bæta henni upp verulega lækkaðar greiðslur vegna færri þreyttra eininga í námskeiðum á fyrsta ári.

Þess skal getið að Lagadeild hefur þegar sett á laggirnar undirbúningsnámskeið fyrir fyrsta árs nemendur í samstarfi við Endurmenntunarstofnunn HÍ. Fyrsta námskeiðið af því tagi fór fram í ágúst sl. og sóttu það um 100 nýnemar. Með því er leitast við að gefa nýnemum kost á að undirbúa sig betur fyrir nám á haustmisseri fyrsta árs.

6.2 Kennslukannanir

Úttektarnefndin gerir réttilega athugasemdir við form og efni kennslukannana sem lagðar eru fyrir nemendur í lok námskeiða. Gerir nefndin það að tillögu sinni að kennslukönnunum verði breytt og þær gerðar í samræmi við alþjóðlegar venjur með því m.a. að stytta þær og einfalda. Þá er lagt til að slíkar kannanir verði lagðar fram eigi síðar en um miðbik námskeiðs.²⁰

Lagadeild tekur heils hugar undir þessa ábendingu og hefur lengi haft áhyggjur af framsetningu kennslukannana sem unnar eru miðlægt innan háskólans. Deildin mun

²⁰ Bring student questionnaires up to international standards in law schools. Shorten them and simplify. Questionnaires should be administered no later than half way through the course.

vinna að því innan háskólans að gerðar verði breytingar á kennslukönnunum í samræmi við ábendingar úttektarnefndarinnar.

6.3 Samstarf við nemendur

Lagadeild hefur jafnan lagt áherslu á að eiga gott samstarf við fulltrúa nemenda við stjórn deildarinnar, en þeir eiga m.a. sæti á deildarfundum. Deildin hyggst auka enn við reglubundið upplýsingaflæði til nemenda með kynningarfundum deildarforseta um það sem hæst ber hverju sinni í vinnu deildarinnar. Sem dæmi má nefna að deildarforseti átti kynningarfund með MA-nemendum í september sl. um fyrirhugaða endurskoðun á meistaránámi. Sambærilegur fundur með BA-nemum er fyrirhugaður síðla þessa mánaðar. Þá hefur Lagadeild stutt fyrirætlanir stjórnar Orators um að skipa atvinnunefnd sem hafi það hlutverk að styrkja tengsl nemenda við atvinnulífið. Loks hyggst Lagadeild í samræmi við ábendingar úttektarnefndar vinna að því að færa fyrsta árs nema í ríkari mæli inn á háskólasvæðið við kennslu.

7. Samstarf við aðrar lagadeildir (RRS)

Á undanförnum mánuðum hafa átt sér stað viðræður á milli forseta Lagadeilda HÍ og HR um að efna til samstarfs á meistarastigi og kanna möguleika á samþættingu einstakra námskeiða ef kostur er. Þá hafa lagadeildirnar fjórar ákveðið að standa að sameiginlegu málstofuhaldi í október og nóvember á þessu ári um tillögur stjórnlagaráðs. Einnig hefur forseti Lagadeilda HÍ haft frumkvæði að sameiginlegu ráðstefnuhaldi Lagadeildanna haustið 2012 um kennslu og rannsóknir í lögfræði sem verði í framhaldinu árlegur viðburður ef til þess stendur áhugi hjá öðrum deildum. Það er stefna Lagadeilda að efla enn frekar samstarf Lagadeildanna eins og kostur er á næstu árum.

Úttektarnefndin leggur til að viðræður eigi sér stað á milli Lagadeilda Háskóla Íslands og annarra innlendra Lagadeilda um samstarf hvað varðar gagnkvæma inntöku nemenda.²¹ Deildin er fús til þess að taka þátt í viðræðum um hvernig best er að haga til framtíðar skipulagi grunnáms í lögfræði hér á landi, m.a. með tilliti til fjölda Lagadeilda, og þá einnig með tilliti til inntöku nemenda á milli deilda. Í því sambandi skiptir tvennt meginmáli að mati deildarinnar. Í fyrsta lagi að í slíkum viðræðum sé rætt á breiðum grundvelli um lágmarksviðmið um inntak grunnáms í lögfræði sem geri þó ráð fyrir að hver deild hafi innan slíks ramma svigrúm til að móta nám eftir sínum áherslum. Í öðru lagi er ljóst að skoða verður gaumgæfilega hvernig háttar er fjármögnun Lagadeildanna í dag. Sem dæmi má nefna að dag eru talsverðir möguleikar til staðar að samþætta námskeið á meistarastigi á milli HÍ og HR til hagræðingar. Ólík fjármögnun deildanna stendur hins vegar frekari framþróun á því sviði nokkuð fyrir þrifum.

Virðingarfullst,
f.h. Lagadeildar Háskóla Íslands,



Róbert R. Spanó, prófessor
forseti Lagadeildar

²¹ Discussions should be opened with other Law Schools on cooperation in mutual admissions of each others graduates.